

Þingsályktun

um forvarnastarf vegna krabbameins í blöðruhálskirtli.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og hrinda í framkvæmd víðtæku forvarnastarfi vegna krabbameins í blöðruhálskirtli. Markmið verkefnisins verði að miðla upplýsingum um sjúkdóminn, einkenni hans, áhættuþætti, mögulegt eftirlit með áhættuþáttum og bætt meðferðarúræði.

Við skipulag verkefnisins verði komið á víðtækri samvinnu allra aðila innan og utan heilbrigðisþjónustunnar sem vinna að málefnum krabbameinssjúkra, svo sem í heilbrigðisþjónustu, við rannsóknir, í forvarnastarfi, fræðslu og stuðningsþjónustu.

Verkefnið verði undirbúið á vegum ráðgjafahóps vegna vinnu við gerð krabbameinsáætlunar sem starfandi er í velferðarráðuneytinu og hrint í framkvæmd samhliða krabbameinsáætlun.

Samþykkt á Alþingi 12. maí 2014.